

# Yfirlýsing


Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), BSRB, Kvasir, Leikn, Bandalag háskólamanna (BHM), Landssamtök íslenskra stúdenta og Samband íslenskra framhaldsskólanema lýsa yfir sameiginlegum skilningi á hæfniramma um íslenska menntun sem ætlað er að endurspeglar stigvaxandi hæfnikröfur í formlegu og óformlegu námi á Íslandi. Jafnframt lýsa aðilar yfir vilja til að vinna saman að innleiðingu rammans þannig að hann nýtist til að gera menntakerfi landsins gagnsærra, óformlega menntun sýnilegri og sé hvati fyrir einstaklinga til að auka hæfni sína til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep og endurspeglar hækkanði þrep auknar hæfnikröfur. Hæfnikröfum hvers þreps er lýst með stuttri lýsingu (sjá meðfylgjandi mynd). Ramminn hefur tvíþættan tilgang; annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hins vegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. Hann nýtist fyrst og fremst almenningi sem tenging milli formlegs og óformlegs náms. Miðað er við að hægt sé að tengja nám, óháð því hvar það er kennt, við hæfniprep rammans. Þrepin endurspeglar þær kröfur sem gerðar eru til einstaklingsins hvað varðar þekkingu, leikni og hæfni í verkefnum, vinnu og samskiptum. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi á tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má t.a.m. nýta í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

Nám í framhaldsfræðslu, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla skal skipuleggja samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Þau hæfniprep sem þar birtast eru tengd við rammann, þ.a. hæfniprep aðalnámskrár grunnskóla tengist fyrsta hæfniprepi rammans, fjögur hæfniprep aðalnámskrár framhaldsskóla tengjast fyrstu fjórum hæfniprepum rammans, og þrep 1.1, 1.2, 2.1, 2.2, og 3, sem birt eru í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, eru tengd við efstu þrjú hæfniprep rammans en þau eru þar númeruð 5.1, 5.2, 6.1, 6.2 og 7.

Aðilar þessarar yfirlýsingar eru samábyrgir fyrir innleiðingu og kynningu á hæfniramma og leggja sérstaka áherslu á að þróaðar verði aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans. Lögð er áhersla á áframhaldandi samstarf undirritaðra í þeirri vinnu með skipun samstarfsnefndar. Hæfniramma um íslenska menntun verður birtur í opinberri vefgátt, á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis sem jafnframt ber ábyrgð á að tengja námslok við rammann og endurskoðun hans með reglulegu millibili.

Reykjavík, 12. október 2016



Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Alþýðusamband Íslands



Samtök atvinnulífsins



BSRB



Kvasir



Leikn



Bandalag háskólamanna



Landssamtök íslenskra stúdenta



Samband íslenskra framhaldsskólanema